

Gunnar Einarsson bæjarstjóri í Garðabæ
og aðrir forráðamenn Garðabæjar
Lagt fram á fundi í Garðabæ 02.11.2015.

Varðar reiðhjóla-og göngustíga sem verið er að útbúa fast meðfram baklóðum í Súlunesi.

Íbúar í Súlunesi hafa undanfarin ár þurft að búa við það að síaukin reiðhjólaumferð hefur legið í gegn um Súlunes og hefur þessi umferð skapað aukna hættu á slysum. Reiðhjólaumferðin hefur ekki gætt að sér og hraði hjóla er mikill og það hefur skapast mikil hætta vegna bifreiða sem húseigendur í Súlunesi þurfa að bakka út á Súlunes til að komast leiðar sinnar. Stór hluti af reiðhjólaumferðinni kemur frá Reykjavík og eru stundum heilu hóparnir á ferð. Forráðamenn Garðabæjar og íbúar í Súlunesi hafa verið meðvitaðir um þetta ástand og allir hlutaðeigandi aðilar hafa áttað sig á því að þetta gæti ekki gengið til framtíðar og á þessu yrði að verða breyting, það væri ekki hægt blanda saman reiðhjóla og bifreiðaumferð svo að vel fari.


Nú standa yfir viðamiklar framkvæmdir í þeim tilgangi að útbúa sérstaka reiðhjóla-og göngustíga fyrir þá sem ferðast um á reiðhjólum eða fótgangandi og er tilgangurinn sá að skilja að reiðhjóla umferð eins og kostur er frá bifreiðaumferð og draga þar með úr slysaþættu. Hluti af þessum framkvæmdum á sér stað fyrir aftan-og meðfram baklóðum í Súlunesi og liggja þessir stígar alveg fast meðfram baklóðunum og stundum svo nálægt að t.d þurfti að taka niður sex 10 ára gamlar aspir við Súlunesi 24 og saga þurfti af trjám við aðrar lóðir sem slúttu yfir á stíga, en ekki er vitað annað en það hafi verið gert í fullri sátt við íbúa í Súlunesi. Íbúar við Súlunes voru orðnir þess áskynja að reiðhjólaumferð jókst með hverju árinu sem leið og breytinga væri þörf til að tryggja reiðhjóla-og gangandi vegfarandum aukið öryggi og um leið meiri frið og öryggi við Súlunes. Þúsundir manna fara þarna um á reiðhjólum á ári hverju. Þegar bæjarfélög fara í stórframkvæmdir þá fer fram kynning fyrir bæjarbúum, hvaða framkvæmdir eru á næsta leyti og hvar þær munu eiga sér stað. En það gerist líka oft að íbúar átta sig ekki á hlutunum meðan kynning fer fram og koma sínum athugasemdum ekki á framfæri. Mörgum íbúum við Súlunes var brugðið þegar þeir áttuðu sig á því að reiðhjóla-og göngustígur yrði grafin niður og lagður fast meðfram baklóðum húsa í Súlunesi. Baklóðir hafa verið privat skjól íbúa og þar hafa fjölskyldur haft næði og einkalíf. Þess vegna viljum við fyrir hönd íbúa við Súlunes koma á framfæri við bæjaryfirvöld eftirfarandi óskum.

1. Skjólveggur eða lóðargirðing sem setja á upp fyrir aftan-og meðfram baklóðum við lóðamörk eða stígbrún til að skerma innsýn inn í garða í Súlunesi, verði að lágmarki 2 metrar, helst hærri.
2. Skjólveggur sem setja á upp til að draga úr hávaða-sjón-og svifríksmengun frá Hafnarfjarðarvegi verði hærri en áætlanir segja til um. Þúsundir bifreiða fara þarna um á hverjum sólarring og mengun er mikil.

Þegar svona miklar, dýrar og vandaðar framkvæmdir eiga sér stað, þá væru það mikil mistök að gera þær ekki svo vel úr garði, að íbúar verði sáttir og notagildið verði eins og best verður á kosið. Kostnaður við þessar óskir íbúa við Súlunes munu ekki hækka heildarkostnað framkvæmdanna mikið, en notagildið mun aukast til muna og betra er að gera meira en minna, því að ekki verður bætt úr síðar ef mönnum finnst skjólveggir of lágir.

Með vinsemd og virðingu með von um að tekið verði mark á óskum þeirra sem búa í næsta nágrenni við þessar framkvæmdir og eiga að njóta breitingana.

Fh íbúa við Súlunesveg


Eiríkur Stefánsson Súlunesi 24


Daði Daðason Súlunesi 26